

Alþingi  
b.t. Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ísafjörður, 8. mars 2021

**Efni: Umsögn Fjölmenningarseturs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012 (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), þskj. 771, 452. mál.**

Fjölmenningarsetur styður frumvarp þetta sem er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við starfshóp um móttökuáætlanir sveitarfélaga. Frumvarpið var samið út frá tillögum nefndarinnar um samræmda móttöku flóttafólks sem hægt er að finna í *Skýrsla um samræmda móttöku flóttafólks* (Birt janúar 2019).<sup>1</sup> Skipun nefndarinnar var á grundvelli aðgerðar E.1 í *framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda*<sup>2</sup> sem samþykkt var á Alþingi 20. september 2016. Hlutverk nefndarinnar var að kortleggja núverandi þjónustu og gera tillögur um samræmt móttökukerfi fyrir flóttafólk óháð því hvernig fólk kemur til landsins og huga þar sérstaklega að þætti sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka og tengslum á milli stjórnsýslustofnana. Þá skyldi einnig taka til athugunar fræðslu fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga sem kemur að móttöku flóttafólks. Í skýrslu var lagt til að hlutverk Fjölmenningarseturs við móttöku flóttafólks yrði aukið og að stofnunin annaðist að stæstum hluta skipulags- og fræðslumál vegna komu flóttafólks.

Frumvarpið felur í sér þá meginbreytingu að Fjölmenningarsetri er ætlað víðtækara hlutverk með tilkomu samræmdrar móttöku flóttafólks og því mikilvægt að efla stofnunina þannig að hún geti tekist á við þau verkefni sem því fylgir. Fjölmenningarsetur mun fara með það hlutverk að veita sveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf í tengslum við móttöku flóttafólks, t.d. með útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis um gerð einstaklingsmiðaðra áætlana, gerð gátlista, reglulegri upplýsingamiðlun og stuðningi í erfiðum eða flóknum einstaklingsmálum. Auk þess er Fjölmenningusetri falið að halda samráðs- og fræðslufundi. Einnig er Fjölmenningarsetri falið að halda utan um boð móttökusveitarfélaga um búsetu og þjónustu byggt á þeim upplýsingum sem fyrir liggja og með tilliti til ákveðinna þátta, svo sem möguleika á námi, aðgangi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, virknis úrræða og atvinnutækifæra.

Fjölmenningarsetur þarf því að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum, annars vegar upplýsingum um þau sveitarfélög sem gert hafa samning við félagsmálaráðuneytið um móttökupjónustu við flóttafólk og hins vegar vegna upplýsingum sem fram koma í viðtölum með flóttafólki áfram til sveitarfélaga eftir því sem við á. Því er nauðsynlegt að tryggja lagalega heimild Fjölmenningarseturs til upplýsingaöflunar og miðlunar þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, bæði hvað varðar aðstoð við flóttafólk en einnig til að geta veitt sveitarfélögum ráðgjöf og fræðslu

Enning er bæði mikilvægt og hagkvæmara að stofnunin, sem staðsett er á Ísafirði, verði með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu þar sem einstaklingar sem sækja um um alþjóðlega vernd dvelja nær allir á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum. Fulltrúar Fjölmenningarseturs munu þurfa að hitta viðkomandi flóttafólk til að leggja fyrir það tilboð um móttökusveitarfélag. Einnig verður

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5497912a-1a46-11e9-942f-005056bc4d74>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/145/s/1692.html>

Fjölmenningarsetur í nánnum samskipptum við fagfólk á vegum sveitarfélaga og ýmissa ríkisstofnanna.. Áætlað er að hið aukna hlutverk Fjölmenningarseturs muni kalla á tvöstöðugildi í lengri tíma litið auk kostnaðar vegna starfsaðstöðu á höfuðborgarsvæðin og eitt á Ísafirði.

Fjölmenningarsetur fagnar tilkomu nýs hlutverks og þess tækifæris sem felst í því að efla faglega vinnu og bætt verklag við móttöku flóttafólks og telur að slík viðbót muni stuðla að öflugri og gagnkvæmri aðlögun flóttafólks á Íslandi. Með því að fela Fjölmenningarsetri hlutverkið um að halda utan um og standa fyrir samráði milli þeirra aðila sem koma að móttöku flóttafólks á Íslandi munum við tryggja jafnræði milli einstaklingar og sveitarfélaga.

Fjölmenningarsetur telur að með því að tryggja flóttafólki jafna þjónustu óháð því hvernig það kemur til landsins er verið að efla skilvirkni í aðlögunferli flóttafólks. Við teljum að þegar ein stofnun annast slíkt hlutverk er betur tryggt jafnræði og um leið brúað bil milli þeirra sem veita þjónustu og flóttafólksins sjálfs. Slíkt er gert með því að veita nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að sjá til þess að fólk fái fljótt tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, með því að tryggja aðgang að íslenskukennslu og menntakerfinu. Sömuleiðis með því að veita fagfólki aðgang að mikilvægri faglegri ráðgjöf og fræðslu um t.d. menninganæmi, millimenningarlegar aðferðir og hagnýtar leiðir í starfi með fólki af fjölbreyttum bakgrunni, sem og mikilvægar upplýsingar um einstaklinga í viðkvæmri stöðu og þarfir þeirra.

Fjölmenningarsetur fagnar einnig að fulltrúa heilbrigðisráðuneytis skuli ætlað sæti í Innflytjendaráði. Fjölmenningarsetur telur mikilvægt að fulltrúi ráðherra heilbrigðismála hafi aðkomu að ráðinu þar sem meðal hlutverka ráðsins er að stuðla að samhæfingu og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar. Í tengslum við hlutverk Fjölmenningarseturs og samræmda móttöku flóttafólks hefur reynslan sýnt að flóttafólk hefur ríka þörf fyrir viðtæka þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Fjölmenningarsetur er skipað sætiai sem áheyrnafulltrúi í Innflytjendaráði og því gefst tækifæri til enn frekara samráðs við fulltrúa heilbrigðisráðuneytis.

Fjölmenningarsetur styður eindregið þá samræmdu móttöku flóttafólks sem verið er að innleiða og að breytingar verði gerðar á lögum um málefni innflytjenda til þess að setja inn örugga lagastoð fyrir þau verkefni sem Fjölmenningarsetri er falið að sinna. Einnig er Fjölmenningarsetur reiðbúið að koma á fund Velferðarnefndar til að gera betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Fjölmenningarseturs



Nichole Leigh Mosty, Forstöðumaður

